

Síldarvinnslan hf. – fiskimjölsverksmiðja á Neskaupstað
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 30. janúar 2020
UST201901-309/H.R.A.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í eftirlitsskýrslu sína frá 6. janúar 2020, vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju SVN Neskaupsstað, 3. desember 2019 þar sem í ljós komu þrjú frávík frá starfsleyfi.

Þann 21. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.1. í starfsleyfi.** Staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skila spilliefna. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er nú þegar búið að brýna fyrir móttökuaðila spilliefna og starfsfólki verksmiðjunnar að móttökukvittanir þurfi við skil á spilliefnum. Jafnframt er unnið að umbótum í sorpmálum fyrirtækisins og stendur til að úrbótum á þessu fráviki verði lokið fyrir árslok 2020.**
- 2. Gr. 3.3. í starfsleyfi.** Grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að skila grænu bókhaldi fyrir 2018 og gert er ráð fyrir því að skil fyrir árið 2019 verði fyrir 1. maí 2020, fyrir tilsettan tíma.**
- 3. Ákvæði í grein 41. í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.** Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir við rekstur olúgeyma fyrir vinnuvélar sínar. Koma þarf upp árekstrarvörn við geyminn. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að fá á staðinn tvöfaldan plasttank undir hráolíu og verður honum komið haganlega fyrir með árekstrarvörn fyrir lok maí 2020.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Farið er fram á að Umhverfisstofnun sé send tilkynning um lok framkvæmda en úrbæturnar verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri


Helga Rút Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis